



Sumarstörf 2020

Fjölskyldusvið - heimaþjónusta

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar auglýsir eftir sumarstarfsfólki í heimaþjónustu. Starfstími er frá júní til ágústloka eða eftir samkomulagi. Um dagvinnu er að ræða og starfshlutfall er 50%-85%. Sveigjanleiki er í boði varðandi starfshlutfall (fullt starf og hlutastarf) og starfstíma.

Starfssvið:

Starfsfólk heimaþjónustu sinnir því mikilvæga hlutverki að aðstoða fólk svo það geti búið sjálfstætt sem lengst á eigin heimili. Veitt er aðstoð við heimilishald, þvott, verslunarferðir o.fl. Hluti af starfinu felst jafnframt í að rjúfa félagslega einangrun og auka þátttöku notenda í samfélaginu.

Hæfniskröfur:

- Félaggliðamenntun er kostur.
- Umsækjendur þurfa að hafa almenn ökuréttindi.
- Íslenskukunnátta skilyrði.
- Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri.
- Reynsla af heimaþjónustu, stuðningsþjónustu eða sambærilegum störfum er kostur.
- Stundvísi, sveigjanleiki, samviskusemi, lipurð og jákvætt viðhorf til fólks og vinnu sinnar.

Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl 2020

Nánari upplýsingar um störfin veitir:

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi, sirrysif@skagafjordur.is, 455-6000

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Um er að ræða starfsheitið heimaþjónusta II.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störf in í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf). Með umsókn skal fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Heimaþjónusta er þjónustustarf sem unnið er inni á heimili eða daglegu umhverfi þjónustuþega og byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Starfið felst í almennum heimilisstörfum sem notandinn getur ekki leyst af hendi sjálfur og nauðsynlegu liðsinni sem stuðlar að því að auka virkni og rjúfa félagslega einangrun. Öll heimaþjónusta skal veitt af virðingu fyrir notandanum og í samráði við hann.